



Leikskólinn Lyngheimar

2025 – 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit.

1. Greinagerð leikskólastjóra.
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025
3. Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026
4. Innra mat deilda 2024-2025
4. umbótaáætlun 2024-2025
6. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.
7. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundastöðva.
8. Foreldrasamvinna.
9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal.
10. Fylgiskjöl: Umsögn foreldraráðs, leikskóladagatal



Leiðarljós leikskólans.

Virðing. Að koma vel fram við aðra.

Umhyggja. Að snerta, hughreysta og hugga.

Tillitssemi. Að setja sig í spor annarra.



Reykjavík

Greinagerð leikskólastjóra.

Við á Lyngheimum áttum gott skólaár.

Fagstarfið blómstraði sem aldrei fyrr. Haustið 2024 fór vel af stað, leikskólinn fullmannaður af frábærum kennurum. Þennan vetur störfuðu 13 fagmenntaðir leikskólakennarar, 2 háskólamenntaðir kennarar og 8 frábærir leikskólaliðar hjá okkur. Aðlögun nýrra barna gekk mjög vel og að þessu sinni tókum við á móti 15 börnum.

Á Lyngheimum hefst fagstarfið um miðjan september. Líkt og undafarin ár hófst vetrarstarfið á sameiginlegu verkefni allra deilda í tilefni af Degi íslenskrar náttúru. Unnin voru fjölbreytt verkefni sem börnin völdu sjálf, meðal annars hreiðurgerð og uppsetning hljómgarðs í litla skóginum okkar.

Í vetur unnum við sex samvinnuverkefni, þar sem verkefnið Vinaferð í lundinn í Gufunesbæ vakti sérstaka lukku hjá börnunum. Þau vilja öll fara aftur- svo framarlega sem að poppið verði ekki svona lengi að poppast, fleiri epli verði með í för og auðveldara verði að klifra í trjánum! Markmið verkefnisins var að efla félagsþroska, samvinnu og samveru á jákvæðan hátt.

Kennarar leggja mikla áherslu á að öll verkefni tengist markmiðum Menntastefnu Reykjavíkurborgar sem sett voru vorið 2024 - Félagsfærni, sjálfsefning og lýðræði.

Innleiðing Heillaspora hélt áfram af krafti og hefur það gengið vel. Öflugt teymi heldur utan um verkefnið og tryggir framgang þess. Í lok apríl fóru allir kennarar Lyngheima í náms- og kynnisferð til Glasgow, til að fræðast um Heillaspor og heimsækja leikskóla sem vinna eftir aðferðum þess. Ferðin var bæði fræðandi og skemmtileg og styrkti faglegt starf kennaranna.

Verkefnið að verða UNICEF-leikskóli hefur hins vegar ekki gengið eins hratt og vonast var til. Innleiðingin fer því inn í umbótaáætlun næsta skólaárs.

Í janúar tókum við þátt í rannsókninni Litlu braððlaukarnir sem fjallaði um matarvenjur leikskólabarna. Unnin voru mörg skemmtileg verkefni þar sem börnin fengu að snerta, lykta, smakka og kanna fjölbreytt hráefni. Verkefnið var skemmtilegt og gefandi fyrir alla sem tóku þátt – börn, foreldra og kennara. Við bíðum nú niðurstaðna rannsóknarinnar með eftirvæntingu.

Listasmiðjan „Hjarta leikskólans“ blómstraði í vetur. Fjölmörg frábær verkefni voru unnin úr skapandi og fjölbreyttum efnivið. Samvinna listasmiðjunnar og deildanna er öflug, sérstaklega þegar kemur að skapandi vinnu sem tengist öðrum verkefnum leikskólans.

Horft til næsta skólaárs

Áfram verður unnið með þætti menntastefnunnar – félagsfærni, sjálfsefningu og lýðræði með sérstakri áherslu á læsi, lestur bóka, hlustun og tungumál. Næsta vetur ætlum við einnig að beina sjónum að leik barna, þátttöku kennara í leiknum og þróun leiksins sem námstæki.

Kennarar Lyngheima sinna öflugu skráningarstarfi yfir öll verkefni skólaársins og senda vikulega fréttabréf með máli og myndum til foreldra. Þetta stuðlar að góðu upplýsingaflæði og ánægju meðal foreldra.

Framtíð Lyngheima er björt

Við fengum viðurkenningu sem Fyrirmyndarstofnun ársins 2024 og Stofnun ársins 2024 þar sem við lentum í fyrsta sæti í flokki fyrirtækja með 25–50 starfsmenn.

Slík viðurkenning hvetur okkur áfram til að halda áfram að bæta starf okkar.

Skólaárinu lýkur með hefðbundnum hætti: Útskrift elsta árgangs, opnu húsi, vorsýningu á verkum barnanna, íþróttaviku og sumarhátíð.

Gleðilegt sumar.



Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Ytra mat er unnið út frá niðurstöðum könnunnar Stofnun ársins 2024 og Foreldrakönnun leikskóla 2025 sem Skóla og frístundasvið leggur fyrir annað hvert ár. Lyngheimar voru í flokki fyrirtækja með 25-49 starfsmenn. Lyngheimar fengu viðurkenningu sem Stofnun ársins 2024 í fyrsta sæti í sínum flokki. Lyngheimar fengu líka viðurkenningu sem Fyrirmyndavinnustaður 2024.

Stofnun ársins 2024 Niðurstöður. 4,64	Heildastig fyrir hvern þátt.
Stjórnun	4,87
Starfsandi	4,83
Launakjör	3,06
Vinnuskilyrði	4,55
Sveigjanleiki	4,68
Sjálfstæði í starfi	4,67
Ánægja og stolt	4,84
Jafnrétti	4,82
Ímynd stofnunar	4,89



Niðurstöður könnunarinnar voru mjög góðar fyrir Lyngheima. Heildareinkunn var 4,64. Okkur þykir ekki ástæða til að setja neitt af þessum þáttum í umbætur en markmiðið er alltaf að halda áfram á sömu braut og gera aðeins betur en síðast.

Foreldrakönnun.

Foreldrakönnun	Meðalskor fyrir hvern þátt.
Líðan og öryggi	4,71
Upplifun af leikskólastarfinu	4,60
Foreldrasamstarf	4,46
Samskipti og viðmót	4,67
Stuðningur	4,58
Stjórnun og starfsandi	4,74
Stefna og heilsar ánægja	4,46



Ytra mat

Hvað var matið? Foreldrakönnun á vegum Skóla og frístundasviðs.	
Hvernig fór matið fram	Staðlaðar spurningar
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldrar barnanna á Lyngheimum.
Helstu niðurstöður mats .	Meðaltal úr niðurstöðum könnunar er 4,64.Góðar niðurstöður.



Umbætur út frá foreldrakönnun 2025.

Þættir sem ástæða þótti til að setja í umbætur út frá niðurstöðum Foreldrakönnunar Skóla og frístundasviðs.	Tækifæri til umbóta
Að foreldrar taki meiri þátt í að meta þroska sín barns í foreldraviðtölum.	Að deildastjórar geri einstaklingsmarkmið með foreldrum í foreldraviðtölum að hausti og fari yfir markmiðin í foreldraviðtölum að vori.
-Kynna betur fyrir nýjum foreldrum stefnu og áherslur í skólastarfinu.	Kynna stefnu leikskólans betur á hverjum haustfundi og senda út lesefni um stefnu leikskólans.
Að foreldrar upplifi að markvisst sé unnið með stefnu og áherslur leikskólans.	Að fréttabréf sem send eru til foreldra í lok hverrar viku tengi betur verkefni sem unnin eru við stefnu leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar.
Að foreldrar upplifi að barnið þeirra hafi greiðan aðgang að skapandi efnivið til að vinna verkefni í leikskólanum.	Kynna betur þann skapandi efnivið sem er í boði á deildum og í listasmiðju. Fyrsta kynning á haustfundi með foreldrum.
Stuðningur. Þjónustan, tímalengd, heilstæð nálgun.	Kynna betur fyrir foreldrum farsældarlögin, Kynna betur fyrir foreldrum þá verkferla sem leikskólinn hefur sett sér svo þjónustan við barnið sé heilstæð og viðbragðstíminn sé eins stuttur og hægt er. Kynningar verða á kynningarfundum með nýjum foreldrum í júní og á Haustfundi með öllum foreldrum.



Innra mat

Hvernig fór matið fram. -Starfsmenn svöruðu spurningum um stafið í gegnum form.office.com. 16 af 22 starfsmönnum svöruðu könnuninni.	Starfsmenn svöruðu spurningum um stafið í gegnum form.office.com. 16 starfsmenn svöruðu könnun af 22
Hverjir tóku þátt í matinu.	Allir starfsmenn Lyngheima
Helstu niðurstöður mats. Hvernig hefur innleiðing Heillaspor gengið og hvað má betur fara. Er innleiðingin sýnileg á þinni deild	Allir voru sammála um að innleiðingin gengi vel en upplýsingaflæðið mætti vera betra áður en innleiða á eitthvað nýtt. Allir starfsmenn voru samála því að innleiðingin væri sýnileg á deildum.
Hvaða námsþætti Menntastefnu Reykjavíkurborgar eigum við að leggja sérstaka áherslu á skólaárið 2025-2026.	80% starfsmanna vilja taka fyrir félagsfærni, sjálfsefningu og sköpun.
Hvaða samvinnuverkefni myndi þig laga til að vinna á næsta skólaári.	Fjölmennning, vinátta tengt degi gegn einelti, dýralíf á Íslandi, opið flæði með leikinn í forgrunni, sköpun hugur og hönd.
Hefur þú kynnt þér Farsældarlögin og verkefnið Betri borg fyrir börn.	71% sem svöruðu könnuninni höfðu kynnt sér Farsældarlögin, en vildu fá ýtarlegri kynningu á efninu.
Hefur þú tekið námskeiðið Bofs „Kynbundið ofbeldi barna 2-6 ára.“	86% starfsmanna sem svöruðu könnun voru búnir að taka námskeiðið.
Hefur þú tekið einstaklings og deildarkönnun í tengslum við innleiðingu UNICEF sem mælir þekkingu og skilning á verkefninu	56% starfsmanna sem svöruðu könnun höfðu tekið einstaklings og deildarkönnun í tengslum við innleiðingu UNICEF.



Umbótaáætlun

Þættir sem ástæða þótti til að setja í umbætur út frá niðurstöðum starfsmannakönnunar.		Tækifæri til umbóta
Innleiðing UNICEF.		Efla þarf innleiðingarteymið, reglulegir fundir teymis, gera þarf verkferla skýrari og ferli innleiðingar markvissara, upplýsingaflæði betra. Senda fundagerðir á starfsmenn, kynningar á stöðu verkefnis í haust á skipulagsdegi, kynna fyrir deildastjórum stöðu verkefnis og verkefni fram undan, senda fréttabréf til foreldra um innleiðinguna.
Farsældarlögin og Betri borg fyrir börn.		Kynningin verður á skipulagsdegi 22. ágúst 2025.
Innleiðing Heillaspora.		Innleiðingarteymi Heillaspora þarf að bæta upplýsingarflæði til starfsmanna, barna og foreldra. Senda fundargerð á alla starfsmenn, ákvarðanir kynntar fyrir deildastjórum, senda fréttabréf á foreldra með upplýsingun um gang innleiðingarinnar.
Leikurinn: Gefa leik barnanna meira vægi í starfinu. Hvernig eflum við félagsþroska, tjáskipti og vináttu barnanna.		Að kennarinn skapi þroskandi og fallegt umhverfi fyrir leikinn, gefa börnunum tíma til að þróa leikinn. Efla þátttöku kennarans í leik með börnunum. Að fá fræðslu fyrir kennara um leik barna og þátttöku kennarans í leiknum.
Hver ber ábyrgð. Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok. Hvenær og hvernig á að meta. Viðmið um árangur.		Leikskólastjóri, aðstoðarleiksólastjóri, deildastjórar ásamt innleiðingarteymi. Í byrjun haustannar 2025 og líkur vorið 2026. Innleiðingarteymi rýnir í stöðuna, fundir og viðtöl við börn og foreldra þeirra. Könnun meðal starfsmann, foreldra og barna.

Innra mat barnanna 2024-2025

Innra mat barnanna 2024-2025	
Hverjir tóku þátt í matinu.	10 börn af næst elsta og elsta árgangi
Hvernig fór matið fram.	Börnin spurð spurninga um starfið og líðan í leikskólanum
Helstu niðurstöður	Börnunum líður mjög vel í leikskólanum, Börnunum finnst skemmtilegast að vera úti, fara í listasmiðju, lita og hafa búningadag. Börnin voru samála um að maturinn í skólanum væri góður, best þótti þeim sveppasúpa, grjónagrautur, hvítur fiskur og plockfiskur. Börnin voru sammála um að engu mætti breyta í skólanum og reglurnar væru mjög góðar. Stelpunum fannst vanta barbí því mætti breyta.(bara fara að kaupa sagði ein)
Ábyrgð	Leikskólastjóri

Börnin svöruðu eftirfarandi spurningu.

Hvernig líður þér í leikskólanum?

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í leikskólanum?

Finnst þér maturinn góður sem þú færð í leikskólanum?

Myndir þú vilja breyta einhverju í leikskólanum?



Styrkleikar.

Þátttökuaðlögunin hefur gefið góða reynslu og munum við halda henni áfram, foreldrar og kennarar vinna saman með hagsmuni barnanna að leiðarljósi.

Þeim er sýnd umhyggja og ástúð og hlustað er á þarfir barnanna.

Með auknum þroska barnanna gekk þeim betur að starfa saman, gefa sig að hvort öðru og setja sig í spor hvors annars og sýna öðrum góðvild og virðingu, læra að vera í hóp og hluti af heild.

Tækifæri

Að gefa þeim gott rými fyrir leik, skipta þeim í minni hópa þannig að það verði minna um árekstra.

Að gera ritmálið sýnilegra inni á deild





Umbótaáætlun Knútskot 2025-2026

Deild/aldur: Knútskot börn fædd 23 og 24	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Læsi
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt	Að efla orðaforða og tjáningu að börnin fari að nota orðin sín meira og hafa orð á athöfnum. Æfa sig að sitja kyrr í samverustundum hlusta og taka þátt.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Ritmálið er sýnilegt á deildinni. Umhverfi barnanna styðji við máltöku og málþroska. Lestur bóka, fara með þulur, Lubba-stundir, söng,- og lestrarstundir.
Ábyrgð	Deildarstjóri og aðrir deildarstarfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 - ágúst 2026
Hvenær og hvernig á að meta	Samverustundir og í daglegum athöfnum í leikskólanum. Tras skráning á málþroska ungra barna, Foreldraviðtöl og deildarfundir
Umbótaþáttur/matsþáttur	Sjálfsefning
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt	Að þau verði sjálfstæðari einstaklingar. Að börnin æfi sig að borða sjálf með hnífapörum, sleppa smekk. Kenna þeim að þvo hendur, fá sápu í lófann. Hvött til að setjast á klósettið eða koppinn. Í fataklefanum fá þau tækifæri til að gera sjálf.

Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Þau æfa sig að sitja kyrr við matarborðið og borða með hnífapörum. Æfa sig að fara á kopp/klósett og smá saman að hætta með bleiu. Kennarinn sýnir börnunum umhyggju og gefur sig að þeim og sinnir grunnþörfum þeirra.
Ábyrgð	Deildarstjóri og aðrir deildarstarfsmenn.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok	September 2025 - ágúst 2026
Hvenær og hvernig á að meta	Daglegum athöfnum í leikskólanum. Deildarfundir, foreldraviðtöl.
Umbótaþáttur/matsþáttur	Félagsfærni
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt	Læra samskipti og vera hluti af heild. Mikilvægt að aðlögun gangi vel og að foreldrar og kennarar séu samstíga frá fyrsta degi. Kennarar sjá um að skapa jákvætt og notalegt andrúmsloft. Tökum á móti börnunum með hlýju og skilningi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að börnin öðlist hæfni til að eiga árangursrík samskipti við hvort annað og viljann til að hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Rík áhersla er lögð á að börnin öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annara og sýna öðrum góðvild og virðingu.
Ábyrgð	Deildarstjóri og aðrir deildarstarfsmenn.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok	September 2025 - ágúst 2026
Hvenær og hvernig á að meta	Í daglegu starfi inni á deild. Deildafundir, foreldraviðtöl.



Styrkleikar

Sjálfhjálp og sjálfefling - Börnin eru mjög sjálfstæð í verkefnum sem tengjast sjálfsefningu.

(Í fataklefa – dugleg að klæða sig í og úr fatnaði, dugleg að ganga frá. Baðherbergi – hreinlætisvenjur en líka að velja handklæði, hengja upp. Við matarborðið – að skammta sér sjálf)

Lubbastundir og myndrænt skipulag, merkingar (myndir og orð) – börnin sýndu mikinn áhuga og við sjáum hvernig gott skipulag auðveldar þeim að vera í leikskólanum.

Lýðræði – að velja sér sæti við matarborðið (í byrjun hvers mánaðar), fundir á morgnana (velja leiksvæði og efnivið), að börnin velji hvort þau vilji fara aftur í útiveru eftir hádegi, eða vera inni.

Tækifæri

Reglur við matarborð og skipulag í fataklefa og baðherbergi – tækifæri til efla sjálfshjálp og sjálfstæði.

Lubbastundir festa í dagskipulag og myndrænu skipulagi, merkingar (myndir og orð). Verkefni sem tengjast menningu (t.d. fjölmenningarverkefni, þorraverkefni)



Umbótaáætlun Guddumóa 2025-2026

Deild/aldur: Guddumói börn fædd 22 og 23.	
Umbótaþáttur/matsþáttur:	Heillaspor
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt.	Að aðlaga deildina að þörfum tveggja - þriggja ára barna í samræmi við forsendur Heillaspora. Að aðlaga myndrænt efni að hæð og þörfum tveggja- þriggja ára barna. Að aðlaga baðherbergið að þörfum barnanna. Að aðlaga leikefni að áhugasviði barnanna.
Aðgerðir til umbóta - Hvernig á að framkvæma það.	Að hengja myndrænt skipulag og matseðil í hæð barnanna. Að búa til afmælisdagatal sem hentar tveggja – þriggja ára börnum. Að útbúa rými fyrir hlutverkaleik í byrjun skólaárs og á skólaárinu þróa þau í rými með opnum efniviði í anda Reggio Emilio
Ábyrgð	Deildarstjóri, starfsmenn deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Frá ágúst til lok september
Hvenær og hvernig á að meta?	Myndir fyrir og eftir til að sjá og meta árangur
Umbótaþáttur/matþáttur.	Læsi
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt.	Að efla málþroska og íslenskukunnáttu barna
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það.	Að aðlaga Lubbaverkefni að aldri barnanna og barna með íslensku sem annað mál Að aðlaga „SOS-kennara“ með efni sem þróar tungumálakunnáttu og þar með málþroska (t.d. myndræn lög, námsefni sem byggir á tilteknum hlutum)
Ábyrgð	Deildastjóri, starfsmenn deildar, verkefnastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta . Hvaða aðferðir á að nota við matið	Deildarfundir, Foreldrafundir Viðtal við börn (í september og svo í maí) – taka upp eða skrifa niður
Umbótaþáttur/matsþáttur	Sjálfeffing/sjálfstæði
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt	Að efla sjálfstæði í baðherbergi, við matarborð og í fataklefa
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það	Að endurnýja sjónrænt skipulag (að þvo hendur) og bæta við myndrænum vísbendingum
Ábyrgð	Deildastjóri, starfsmenn deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta Hvaða aðferðir á að nota við matið	Deildarfundir Foreldrafundir Myndir fyrir og eftir til að sjá og meta árangur Stutt myndbönd í baðherbergi, við matarborð og í fataklefa (í ágúst, í kringum áramót og í maí)



Reykjavík

Innra mat Fjósakletta 2024-2025

Styrkleikar.

Styrkleikar deildarinnar felast í því að börin eru öll á sama aldri og því á svipuðum stað í þroska sem veitir okkur tækifæri til að setja okkur sameiginlegt markmið sem hentar hópnum í heild.

Tækifæri

Læsi: Stuðla að áhuga og hæfni barna í málskilningi, hljóðkerfisvitund og orðaforða.

Sjálfsfelling: Efla trú barna á eigin getu, sjálfstæði og ábyrgð.

Félagsfærni: Kenna börnum að vinna saman, deila, hlusta og setja sig í spor annarra.

Sköpun: Hvetja börn til að tjá sig með fjölbreyttum hætti í gegnum listir, leik og sköpun.



Umbótaáætlun Fjósaklettar 2025-2026

Deild/aldur : Fjósaklettar börn fædd 22	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Læsi
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt.	Að efla lestur, lesskilning og orðaforða barnanna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það.	Daglegar lestrarstundir, málörvunarleikir, hlustunarverkefni. Notkun á bókaverkefnum s.s. „Orð í spilum“, rím og sögugerð.
Ábyrgð	Deildastjóri / starfsmenn deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok.	Vikulega, hefst í sept 2025
Hvenær og hvernig á að meta. Hvaða aðferðir á að nota við matið	Aukin þátttaka í umræðum, orðaforði greindur í upphafi og lok annar.
Umbótaþáttur/matsþáttur	Sjálfsþing
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt	Að börnin þori og standi með sjálfum sér.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það.	Notkun tilfinningakorta, valdeflandi verkefni. Skýr Markmið og hrós. Þjálfun við matarborð og fataklefa.
Ábyrgð	Deildastjóri / starfsmenn deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok.	Daglega, hefst haust 2025.
Hvenær og hvernig á að meta. Hvaða aðferðir á að nota við matið	Börn sýna meiri sjálfstæði og þora að prófa ný verkefni
Umbótaþáttur/matsþáttur	Félagproski
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt	Efla leikinn og þátttaka kennara í leiknum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það.	Leikir sem efla samvinnu (t.d. hlutverkaleikir, paravinna), lausnaleit í deilum, vinaverkefni, þátttaka kennara í leik barnanna.
Ábyrgð	Deildastjóri / starfsmenn deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok.	Daglega, hefst haustið 2025
Hvenær og hvernig á að meta. Hvaða aðferðir á að nota við matið	Færri árekstrar, börn sýna tillitssemi og eru lausnamiðuð.
Umbótaþáttur/matsþáttur	Sköpun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt	Að blanda saman ólíkum efnivið til sköpunar og að börnin fái tækifæri til að vinna að eigin skapandi hugmyndum
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það.	Vinnustofur í myndlist, tónlist og smíðum. Tjáning með fjölbreyttum efnivið. Börnin skrá hugmyndir og framkvæma þær.
Ábyrgð	Deildastjóri, listasmiðju kennari og starfsmenn deilda
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok.	Haust 2025-2026
Hvenær og hvernig á að meta. Hvaða aðferðir á að nota við matið	Börn nota fjölbreytt form tjáningar og sýna frumkvæði

Innra mat Klappavör 2024-2025

Styrkeikar

Góð samvinna allara starfsmanna deildarinnar, unnið markvist eftir dagskipulagi. Allir vita sitt hlutverk og markmið deildarinnar.

Þau markmið sem sett voru að hausti t.d vinna með, lýðræði, sjálfseflingu, lestur bóka eru mjög sýnileg í allri vinnu deildarinnar og á meðal barnanna.

Tækifæri.

Að halda áfram að vinna með, þróa og festa í sessi þá markvissu vinnu sem hefur veið síðustu ár á deildinni.

Að vinna markvist með leikinn og samskipti barnanna. Þáttöku kennarana í leikunum og vinna með samskipti, stundum erfið sem koma upp á milli barnanna.



Umbótaáætlun Klappavör 2025-2026

Deild/aldur : Klappavör börn fædd 2021	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Lýðræði / Lýðræði /sjálfsefning
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt	Að börnin setji sér markmið hvernig þau vilji efla sjálf sig. Að fá hugmyndir barnanna um hvað lýðræði sé og hvernig við getum hlustað á raddir allra og fundið leið sem hentar deildinni til að lýðræði sé virt í samskiptum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það.	Að börnin geri sér myndræn markmið varðandi sjálfsefningu, þegar markmiðinu er náð geti þau valið sér umbun sem hvetur þau áfram til að setja sér ný markmið. Að deildin t.d geri sér lýðræðis og samskipta sáttmála. Funda reglulega og ræða málinn, hlusta.
Ábyrgð	Deildarstjóri, starfsmenn deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok.	Unnið jafnt og þétt allt skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta.	Fundað reglulega með börnunum og staðan tekinn, farið yfir með hverju barni hvernig markmiðin ganga.
Umbótaþáttur/matsþáttur	Heillaspor
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt	Að innleiða inn á deildina þau skref sem innleiðingarteymið hefur ákveðið hverju sinni. Að samræma myndrænt skipulag á öllum deildum. Velliðan allra barna á deildinni, að þau viti að leikskólinn sé öruggt umhverfi þar sem þau eiga skjól.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það.	Að hafa myndrænt skipulag sýnilegt og vinna með það. Það er gott að vita hvaða dagskrá er í dag og hvaða reglur gilda í leikskólanum og á deildinni. Funda með börnunum, þau geri sér reglur sjálf. Hvernig viljum við hafa okkar deild svo öllum líði vel og séu öruggir.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok	Unnið jafnt og þétt allt skólaárið
Ábyrgð	Deildarstjóri, innleiðingarteymi
Hvenær og hvernig á að meta.	Viðtal við börnin um líðan sína og foreldra um líðan og öryggi barnanna í skólanum
Umbótaþáttur/matsþáttur	Læsi
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt	Að virkja áhuga barnanna á lestri bóka, hlustun og segja sögur. Að þau geti skrifað nafnið sitt og hafa stafrófið sýnilegt. Að þau þekki stafina og heiti þeirra (allavega í nafninu sínu). Að hvetja þau til að hljóða .
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það.	Að hafa ritmál sýnilegt. Að börnin hafi gott aðgengi að bókum, nýta bókasafnið. Að þau segi sögur og þau finni að hlustað sé á þau. Að fá foreldra í samvinnu við skólann, lána bækur heim, að börnin komi með bækur að heiman sem hafa verið lesnar fyrir þau og segi frá.
Ábyrgð	Deildastjóri , starfsmenn deilda.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok.	Unnið jafnt og þétt allt skólaárið



Reykjavík

Hvenær og hvernig á að meta.

Deildafundur staðan tekin, samræður við börnin, fundir með foreldrum, stöðumat



Starfspróunarsamtöl og fræðsla.

Lyngheimar eru einn af þeim leikskólum borgarinnar sem valinn var til að taka þátt í tilraunaverkefninu Nuture/ heillaspor. Nuture/ heillaspor verkefnið á að tryggja farsæld ALLRA BARNA með því að hlusta, horfa og bregðast við. Lyngheimar heldur áfram að vinna með Heillasporaverkefni. Í Lyngheimum er öflugt teymi sem sér um innleiðingu Heillaspora.

Skipulagsdagar á haustönn eru þrír.

Fyrsti skipulagsdagur er í ágúst, verður hann notaður til að skipuleggja vetrarstarfið.

Í byrjun október verður sameiginlegur skipulagsdagur allra skóla í Grafarvogi. Fyrir hádegi fáum við fræðslu á vegum Heillaspora. Eftir hádegi fer starfsmannahópurinn í Saga story house, þar munum við fá fræðslu og hópefli.

Í lok nóvember er sameiginlegur skipulagsdagur, við munum fá fræðslu um mikilvægi leiksins og þátttöku kennara í leik barna. Eitt af samvinnuverkefnum deilda næsta skólaár verður leikurinn.

Skipulagsdagar á vorönn eru þrír.

Fyrsti skipulagsdagur á vorönn verður í janúar. Verður hann notaður til að skipuleggja vorönnina. Á skipulagsdegi í febrúar förum við á ráðstefnu tengdri Degi leikskólans. Í byrjun maí er skipulagsdagur, þá mun faghópur Lyngheima fara í náms og kynnisferð erlendis, ekki er komið á hreint hvert verður farið. Þeir starfsmenn sem heima verða munu fá fræðandi og skemmtilega dagskrá þennan dag.



Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf leik, grunnskóla og frístundamiðstöðva er unnin í samstarfi við Rimaskóla. Undanfarinn ár hefur áætlunin verið send út að hausti. Foreldrar elstu barnanna í leikskólanum fá þessa áætlun senda með tölvupósti í byrjun haustannar. Samstarfið hefur verið í föstum skorðum og gengið vel.

Markmið samstarfsins er að efla samskipti og samvinnu þessara tveggja skólastiga og auðvelda þannig aðlögun nemenda af leikskólastigi yfir á grunnskólastig. Að draga úr kvíða leikskólanemenda sem oft fylgir því að hefja skólagöngu.

Elsti ágangur heimsækir Rimaskóla		Fundur	Heimsóknir nemenda í 1 og 7 bekkjar
Bókasafnið: Sögustund á bókasafni Rimaskóla.		Að vori funda kennarar Rimaskóla og kennarar Lyngheima og fara yfir barnahópin sem þarf að skila sérstaklega.	Fyrsti bekkur Rimaskóla heimsækir Lyngheima og rifjar upp gamlar minningar
Íþróttir. Börnin mæta 2 á vetri í íþróttatíma,	Heimsókn í 1 bekk. Stafainnlögn, nesti borðað með 1. bekk Rimaskóla.	Að hausti funda skólastjórnendur leik og grunnskóla varðandi samstarf og skóla heimsóknir	Á degi íslenskrar tungu kemur 7. bekkur Rimaskóla í heimsókn á Lyngheima og nemendur lesa/syngja fyrir börnin.
Elsti árgangur mætir í danstíma.	Skoðunarferð um Rimaskóla. Skólastjóri Rimaskóla tekur á móti hópnum og sýnir þeim skólann.		



Foreldrasamvinna.

Í foreldrafélagi Lyngheima sitja tveir fulltrúar frá hverri deild leikskólans. Á haustfundi fyrir foreldra leikskólans eru kosnir nýir fulltrúar í foreldrafélagið í stað þeirra sem ekki gefa kost á sér til áframhaldandi starfa fyrir foreldrafélagið eða eru að hætta með barnið sitt í leikskólanum. Fyrsti fundur er boðaður í byrjun október. Á þeim fundi er skipað í stöðu formanns, ritara og gjaldkera. Foreldrafélagið fundar eftir þörfum, en fastir fundir eru þrír, haustfundur, jólafundur og vorfundur.

Foreldrafélagið stendur fyrir föstum viðburðum yfir árið, vorferð, sumarhátíð og piparkökudegi fyrir jólin. Foreldrafélagið hefur líka gefið okkur leiksýningar og afmælisgjafir.

Foreldraráð er starfandi í Lyngheimum í því sitja 4 fulltrúar foreldra. Foreldraráð les yfir starfsáætlun og námskrá, og gefur álit sitt á áætlaðri sumarlokuna leikskólans. Gott samstarf er við foreldraráð.

Á síðasta skólaári settum við af stað samstarfsverkefni heimilis og skóla „Dósaflípar geta átt framhaldslíf. Börnin fengu fræðslu um flipasöfnun áður en verkefnið fór af stað. Börnin og foreldrar þeirra hafa verið dugleg að safna flípum og koma með í skólann. Við söfnum þeim saman og sendum þá erlendis þar sem búnir eru til gerviútlímur úr þeim fyrir þá sem hafa misst útlím í fátækari ríkjum heimsins. Verkefnið gengur vel og mikið af flípum hefur safnast sem við höfum skilað af okkur. Á komandi skólaári munum við halda áfram með flipasöfnun í samstarfi við börn og foreldra.

Leikskólinn býður foreldrum 2-3 sinnum á ári í alls konar kaffi, einnig er opið hús á vorin, þá er öllum boðið á uppskeruhátíð leikskólans, sýningu á verkefnum barnanna og kaffi og með því.



Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Föstudagurinn 22. ágúst 2025

Fimmtudagurinn 2. október 2025

Föstudagurinn 28. nóvember 2025

Föstudagurinn 2. janúar 2026

Föstudagurinn 6. febrúar 2026

Föstudagurinn 15. maí 2026

Fylgiskjöl: umsögn foreldraráðs, leikskóladagatal

Reykjavík 1. júlí 2025

Kristín Helgadóttir leikskólastjóri Lyngheima.

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun Lyngheima skólaárið 2025 – 2026

Foreldraráð skipa:

Bjarnveig Birta Bjarnadóttir

Pétur Freyr Sigurjónsson

Sara Jasonardóttir

Starfið á Lyngheimum ber þess merki að þar starfar samheldinn hópur starfsmanna, samstarf milli deilda er gott, starfsmannavelta er lítil og leikskólinn hefur verið fullmannaður af frábærum kennurum. Leikskólinn hefur ekki þurft að grípa til styttingar á vistunartíma barna eins og víða hefur þurft að gera.

Það sem einkennir enn fremur starfið á Lyngheimum er virðing, jákvæð samskipti og metnaður fyrir vellíðan og farsæld hvers barns sem hann sækir. Þörfum barnanna er mætt af kostgæfni og þau hvött til þess að hugsa sjálfstætt og finna sinn eigin farveg.

Áherslupættir Lyngheima; sjálfsefning, félagsfærni, sköpun og læsi skína í gegn í starfi leikskólans.

Gott upplýsingaflæði einkennir leikskólann og er mikil ánægja hjá foreldra hópnun með skráningu á starfi og vikuleg fréttabréf.

Ánægjulegt er að sjá starfsáætlun fyrir næsta skólaár að áhersla verður lögð á læsi með lestri bóka, hlustun á sögur og leik með tungumálið.

Það er alltaf eitthvað um að vera á Lyngheimum.

Vinaferð í lundinn er dæmi um eitt af frábæru verkefnum vetrarins. Öll börnin höfðu mikla ánægju af vinaferðinni og er verkefnið til þess fallið að ýta undir markmið skólans um að efla félagsþroska og samvinnu með jákvæðri samveru.

Listasmiðjan Hjarta leikskólans hefur blómstrað og þar fá börnin tækifæri til að vinna skapandi verkefni sem fléttast inn í önnur verkefni leikskólans.

Verkefnið Litlu Bragðlaukarnir vakti mikla lukku og forvitni barnanna.

Þátttaka leikskólans í öllum þessum verkefnum býr til líflegt og fjölbreytt umhverfi þar sem börnin okkar fá tækifæri til að prófa sig áfram á ýmsum sviðum og taka út mikinn þroska og öðlast nýja færni á hverjum degi.

Ytra mat er unnið út frá niðurstöðum könnunar *Stofnun ársins 2024* og fékk leikskólinn viðurkenningu sem Stofnun ársins 2024 í fyrsta sæti í sínum flokki. Það kemur foreldraráði ekki á óvart enda er ánægja með starf leikskólans almennt meðal foreldra. Ytra mat leikskólans skilaði 6,64 sem eru mjög góðar niðurstöður en könnuninni svöruðu foreldrar barnanna á Lyngheimum.

Þær umbætur sem fyrirhugaðar eru út frá foreldrakönnun eru ánægjulegar, þar er fjallað um markmiðasetningu í foreldraviðtölum, betri kynningu á stefnu leikskólans, kynningu á skapandi efnivið fyrir listasmiðjur og kynningu á farsældarlögum fyrir foreldra. Allt eru þetta skýr og mælanleg markmið sem gaman verður að fylgjast með í vinnslu.

Umbótaáætlun leggur áherslu á innleiðingu UNICE, kynningu á farsældarlögum, betra utanumhald á innleiðingu Heillaspora, aukna áherslu á þroskandi og falleg umhverfi fyrir leik. Hér er ánægjulegt að sjá skýr og mælanleg markmið.

Þær umbætur sem leikskólinn setur sér fyrir næsta starfsár eru að mati foreldraráðs vel til þess fallnar að halda Lyngheimum í fremstu röð leikskóla í Reykjavík og gera frábært starf enn betra.

Viðurkenningar skólans sem Fyrirmyndastofnun ársins 2024 og Stofnun ársins 2024 þar sem leikskólinn lenti í fyrsta sæti fyrirtækja með 25-50 starfsmenn eru til marks um það góða starf sem unnið er á Lyngheimum og óskar foreldraráð fyrir hönd foreldra, starfsmönnum og stjórnendum til hamingju með góðan árangur.



Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla:

Lyngheimar

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 F		1 M	Söngsalur	1 M		1 L		1 M	Fúlveldisdagurinn	1 F	Nýársdagur	1 S		1 S		1 M	Skráningardagar	1 F	Verkalyðsdagurinn	1 M		1 M	
2 L		2 Þ		2 F	Skipulagsdagur	2 S		2 Þ	Jóladagskrá	2 F	Skipulagsdagur	2 M	Söngsalur	2 M	Söngsalur	2 F	Skírdagur	2 L		2 Þ		2 F	
3 S		3 M		3 F		3 M	Söngsalur	3 M	Jóladagskrá	3 L		3 Þ		3 Þ		3 F	Föstudagurinn langi	3 S		3 M		3 F	
4 M	Fridagur verslunarmarkaðs	4 F		4 L		4 Þ		4 F	Jóladagskrá	4 S		4 M		4 M		4 L		4 M		4 F		4 L	
5 Þ		5 F		5 S		5 M		5 F	Jóladagskrá	5 M	Söngsalur	5 F	Vetrarhátíð	5 F		5 S	Páskadagur	5 Þ		5 F		5 S	
6 M		6 L		6 M	Söngsalur	6 F		6 L		6 Þ	Þrettándinn	6 F	Dagur leikskólans	6 F		6 M	Annar í Páskum	6 M		6 L		6 M	
7 F	Opnað eftir sumarleyfi	7 S		7 Þ	Opíð flæði	7 F	Foreldrakaffi Baráttudagur gegn einelti	7 S		7 M		7 L	Dagur tónlistarskólans	7 L		7 Þ		7 F		7 S	Sjómennadagurinn	7 Þ	
8 F		8 M	Dagur læsis	8 M		8 L		8 M	Jóladagskrá	8 F		8 S	Skipulagsd 6 feb	8 S		8 M		8 F		8 M		8 M	
9 L		9 Þ		9 F	Opip flæði	9 S		9 Þ	Jóladagskrá	9 F		9 M	Söngsalur	9 M	Söngsalur	9 F		9 L		9 Þ		9 F	
# S		# M		# F		# M	Söngsalur	# M	Jóladagskrá	# L		# Þ	Verkst bollud	# Þ		# F		# S		# M	Skólaslit grunnskóla	10 F	
# M	Söngsalur alla mán	# F		# L		# Þ		# F	Jóladagskrá	# S		# M	Dagur íslenska táknmálsins	# M		# L		# M		# F		11 L	
# Þ		# F		# S		# M		# F	Jóladagskrá	# M	Söngsalur	# F	Verkst bollud	# F		# S		# Þ		# F		12 S	
# M		# L		# M	Söngsalur	# F		# L	Jóladagskrá	# Þ	Opip flæði	# F		# F		# M		# M		# L		13 M	
# F		# S		# Þ	Verkst dagur bleikur	# F		# S		# M	Opíð flæði	# L		# L	Dagur stærðfræðinnar	# Þ		# F	Uppstigningardagur	# S		14 Þ	
# F	Skipulagsdagur	# M	Fagstarf hefst	# M		# L		# M		# F		# S		# S		# M		# F	Skipulagsdagur	# M		15 M	
# L		# Þ	Dagur íslenskrar nátt	# F	Verkst dagur bleikur	# S	Dagur íslenskrar tungumál	# Þ	Jólaball	# F		# M	Bolludagur	# M	Söngsalur	# F		# L		# Þ		16 F	
# S		# M		# F		# M	Söngsalur	# M		# L		# Þ	Sprengidagur	# Þ		# F		# S		# M	Lýðveldisdagurinn	17 F	
# M	Söngsalur	# F		# L		# Þ		# F		# S		# M	Öskudagur	# M		# L		# M	Sumardagskrá	# F		18 L	
# Þ		# F		# S		# M		# F		# M	Verkst bóndad	# F	Skráningardagar	# F		# S		# Þ	Sumardagskrá	# F		19 S	
# M		# L		# M	Söngsalur	# F	Dagur mannréttinda	# L		# Þ		# F	Skráningardagar	# F		# M		# M	Sumardagskrá	# L		20 M	
# F	Aðlögun byrjar	# S		# Þ		# F		# S		# M		# L		# L		# Þ		# F	Sumardagskrá	# S		21 Þ	
# F	Skóasetning grunnskólans	# M	Söngsalur	# M		# L		# M		# F		# S	Konudagur - upphaf	# S		# M		# F	Umfhverfisdagur	# M		22 M	
# L		# Þ		# F	Bleiki dagurinn 24	# S		# Þ	Þorláksmessa	# F	Upphaf þorra	# M	Söngsalur	# M	Söngsalur	# F	Sumardagurinn fyrsti	# L		# Þ		23 F	
# S		# M		# F	Skráningardagur	# M	Söngsalur	# M	Aðfangadagur jóla	# L		# Þ		# Þ		# F		# S	Hvítasunnudagur	# M		24 F	
# M	Söngsalur	# F		# L	Fyrsti vetrardagur	# Þ	Verkst jól	# F	Jóladagur	# S		# M		# M		# L		# M	Annar í Hvítasunnu	# F		25 L	
# Þ		# F	Evrópski tungumálad.	# S	Bangsadagur 27	# M		# F	Annar í jölum	# M		# F		# F		# S		# Þ	Sumardagskrá	# F		26 S	
# M		# L		# M	Skráningardagur	# F	verkst jól	# L		# Þ		# F		# F		# M		# M	Sumardagskrá	# L		27 M	
# F		# S		# Þ	Skráningardagur	# F	Skipulagsdagur	# S		# M		# L		# L		# Þ		# F		# S		28 Þ	
# F		# M		# M		# L		# M	Skráningardagur	# F				# S	Pálmasunnudagur	# M		# F		# M		29 M	
# L		# Þ		# F		# S		# Þ	Skráningardagur	# F				# M	Skráningardagur	# F		# L		# Þ		30 F	
# S				# F	Afmæli leikskólans			# M	Gamlársdagur	# L				# Þ	Skráningardagur			# S				31 F	

Í reglum um leikskólaláðjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfelt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórmenndur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.